

Mál á dagskrá nefndar.

Óskað er eftir að neðangreint mál verði tekið á dagskrá nefndar.

1. Sá sem óskar eftir máli á dagskrá nefndar.

Nafn: Michele Rebora

Staða: Áheyrnarfulltrúi L-lista Vina Mosfellsbæjar

2. Heiti máls, skráning, nefnd og fylgiskjöl.

Heiti máls: Stígur meðfram Varmá – málsnúmer 201511264.

Fari á dagskrá: næsta fundar umhverfisnefndar.

Fylgiskjöl: þetta skjal og fyrirleggjandi gögn málsins.

3. Greinargerð með máli.

Eins og sést glögggt á málsnúmerinu, á málið sér langan aðdraganda og hefur margoft verið tekið fyrir í nefndum og í bærstjórn.

Haustið 2020 voru loka-drög að umhverfisskipulagi Varmár lögð fram og samþykkt á fundi umhverfisnefndar og bærstjórnar, ásamt verkefnistillögu fyrir breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalandarvegi að Húsadal, sem hluta að varanlegum úrbótum á göngustígum og bakkarofi í Varmá. Unnið var svo áfram með rágjafafyrirtækinu Alta og hönnuðum frá Landslagi að mótun tillagna um útfærslu úrbóta og samráði við íbúa.

Síðast var bókað um málið á 784. fundi bærstjórnar 2. júní 2021: “Lagt er fram minnisblað Alta vegna vinnu við endurbætur á stíg meðfram Varmá. Áætlun tilgreinir næstu skref og hugsanlegan kostnað lagfæringa og uppbyggingar. Afgreiðsla 219. fundar umhverfisnefndar samþykkt á 784. fundi bærstjórnar með níu atkvæðum.”

Nú 21 mánuði seinna er staðan stígsins á umræddum kafla milli dælustöðvar Veitna og Blómvangs jafn slæm eða verri en þegar skoðun ráðgjafa var framkvæmd.

ATA



Mynd 6: Skýringarmynd frá Landslagi, greining á ástandi útivistarstígsins við Reykjamel (Blómvang).

Myndirnar hér á eftir eru teknar 1. mars 2023:

